

62. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 2. febrúar 2018 kl. 11:00 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 235 Reykjanesbæ.

Mættir: Kjartan Már Kjartansson, Fannar Jónasson, Sigrún Árnadóttir, Gunnar H. Garðarsson, Eggert Sólberg Jónsson, Berglind Kristinsdóttir, Þuríður Aradóttir Braun, Sigrún Elefsen og Björk Guðjónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Magnús Stefánsson, Ásgeir Eiríksson, Brynhildur Kristjánsdóttir og Guðjón Skúlason boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. *Ímyndarverkefnið – áhersluverkefni Sóknaráætlunar. Kynning frá HN, niðurstöður skoðunarkönnunar og tillögur að næstu skrefum. Gestir starfsmenn HN.*
2. *Nýsköpun á Suðurnesjum – úttekt á umhverfi nýsköpunar og sprotafyrirtækja á Suðurnesjum. Skýrsla unnin af Northstack.*
3. *Atvinnumálakönnun Reykjanesbæjar – Skýrsla með niðurstöðum símakönnunar meðal íbúa 18-67 ára íbúa valinna sveitarfélaga á Reykjanesi. Dagsett í október 2017.*
4. *Erindi e.d. frá Hrafnhildi Ýr Hafsteinsdóttur, forstöðumanni upplýsingarmiðstöðvar ferðamála fyrir Reykjanes. V. umsókn í European Cities Marketing (ECM).*
5. *Starfsáætlun Heklunnar 2018.*
6. *Atvinnuleysistödlur.*
7. *Tillögur að tilnefningu til hvatningar- og nýsköpunarverðlauna ferðaþjónustunnar á Reykjanesi og þakkarverðlauna á árinu 2018.*
8. *Drög að samningi minni Ferðamálastofu og Markaðsstofu Reykjanes vegna ársins 2018.*
9. *Önnur mál.*

1. Kristján Hjálmarsson og Ingvi Jökull Logason mættu frá HN. Kristján fór yfir könnun sem gerð var í okt/nóv sl. Spurningin í könnuninni, um hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til eftirfarandi landshluta, kemur fram í þessari könnun að nú eru jákvæðir 70% en árið 2016 67% og árið 2015 64%. Á þessum tveim árum sem verkefnið hefur staðið yfir hefur náðst að koma u.þ.b. 200 jákvæðum fréttum á framfæri. Margt áhugavert kemur fram í þessari könnun sem hægt er að vinna betur með. Þeir fóru yfir hvað hefur áunnist á þessum tveimur árum og samkv. því stjórnborði og mælingum sem þeir settu upp í upphafi er niðurstaðan að mjög margt hefur áunnist á þessum tíma. Varðandi framhald á verkefninu lýstu þeir áhuga á að halda áfram og

lögðu þeir fram lista yfir verkefni sem þarf að vinna á árinu og kostnaðaráætlun.

2. Skýrslan lögð fram. Berglind fylgdi henni úr hlaði.
3. Könnun lögð fram. Berglind fylgdi henni úr hlaði. Óskað eftir að fá höfunda á næsta fund Heklunnar.
4. Erindið lagt fram. Þuríður fylgdi því úr hlaði. Erindið sem lýtur að því að Markaðsstofan, upplýsingamiðstöð ferðamála fyrir Reykjanes og Reykjanes Geopark hafi heilmikið að sækja og jafnframt fram að færa með aðild að European Cities marketing (ECM).
Erindinu frestað þar til nánari upplýsingar liggja fyrir. Framkvæmdastjóra falið að aflal upplýsinga.
5. Lögð fram. Berglind fór yfir skýrsluna. Starfsáætlun samþykkt.
6. Lögð fram. Lagt fram yfirlit yfir fjölda atvinnulausra 31. Jan. 2018.
Reykjanesbær 283
Sandgerði 41
Garður 17
Vogar 19
Grindavík 31
7. Afgreiðslu frestað til næsta fundar vegna dræmrar mætingar á fundinn.
8. Þuríður fór yfir stöðuna í samningum Markaðsstofa við Ferðamálastofu.
Málinu frestað og óska eftir frekari gögnum

Fleira ekki gert og fundi slitið 12.40